

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968,
skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarendi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Danmerkur og Hollands.

Iðnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

19. nóvember 1971.

Nr. 234.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Jón Gunnlaugsson og Guðlaugu Gunnlaugsdóttur frá Bræðraparti á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. nóvember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Jón Gunnlaugsson og Guðlaugu Gunnlaugsdóttur
frá Bræðraparti á Akranesi.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Jóns Gunnlaugssonar og Guðlaugar Gunnlaugsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins lagt fram af börnum þeirra: Ingunni M. Jónsdóttur Freeberg, Jóni Kr. Jónssyni og Ólafi Jónssyni, sem teljast stofnendur sjóðsins, er landareignin Bræðrapartur á Akranesi með öllum gögnum og gæðum, að undanskildu íbúðarhúsinu Bræðrapartur og lóð umhverfis það, sem áður hefur verið selt og afsalað. Með landareigninni fylgja allir leigusamningar, sem nú eru í gildi.

Heimilisfang sjóðsins er Akranes.

3. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er, að stuðla að því að komið verði á fót og starfræktur á Akranesi, fiskiðnaðarskóli er hafi það hlutverk að annast kennslu í meðferð og vinnslu sjávarafurða og öðru því er að sjávarútvegi lýtur.

Enn fremur að styrkja efnilega nemendur til náms og framhaldsnáms í nefndum fræðum.

4. gr.

Umsókn um styrk úr minningarsjóðnum skal vera skrifleg og send stjórn sjóðsins. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um aldur og efnahag umsækjanda, til hvers á að nota styrkinn og annað sem stjórn minningarsjóðsins telur nauðsynlegt.